

Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 26. apríl 2006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skráningu losunar gróðurhúsalofttegunda, 713. mál.

Samorka þakkar fyrir að fá frumvarpið til umsagnar. Það er mat Samorku að frumvarp þetta snerti veitufyrirtækin í mjög takmörkuðum mæli og með því sé m.a. verið að auka hlut ytra eftirlits í stað innra eftirlits fyrirtækja.

Umsögn:

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að stefnt sé að því að samhliða frumvarpi þessu leggi iðnaðarráðherra fram frumvarp sem ætlað er að tryggja heimildir Orkustofnunar og orkuspárnefndar til að krefja aðila um upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir gerð orkuspár. Ekki er vitað til þess að frumvarp þetta sé komið fram sem væri þó mikilvægt við gerð umsagnar um fyrirbyggjandi frumvarp.

1. Ákvæði 6. gr.

Það er mat Samorku að 6. gr. laganna sé háð verulegum annmörkum. Umhverfisstofnun virðist alfarið falið að meta og reglusetja hvaða upplýsingum um losun skuli skilað til stofnunarinnar. Þar sem þessi upplýsingaskylda á rætur sínar að rekja í kröfur Rammasamnings Sameinuðu Þjóðanna um loftlagsbreytingar, Kyoto-bókunarinnar og/eða til annarra þjóðréttarlegra skuldbindinga Íslands á sviði loftlagsmála, hlýtur að vera eðlilegt að takmarka þessa heimild Umhverfisstofnunar við kröfur þeirra þjóðréttarlegra skuldbindinga sem Ísland hefur tekist á hendur.


Gjaldtökuheimild ráðherra í 6. gr. frumvarpsins er mjög almenn og skortir takmörkun. Ekkert verður ráðið af frumvarpinu um hve háar greiðslur gæti orðið að ræða. Heimildin er mjög opin en lagafrumvarpið gerir aðeins ráð fyrir að upphæð gjaldsins taki mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd verkefna á grundvelli rekstraráætlana Umhverfisstofnunar. Þannig virðist umfang rekstraráætlana geta ráðið umfangi gjaldtökuheimildarinnar. Ekki verður betur séð en að þar sem Umhverfisstofnun hefur sjálfðæmi um rekstraráætlun geti heimildin í þessu formi virkað hvetjandi til að afla frekari tekna með viðameira eftirliti en nauðsynlegt er.

Þá verður niðurlag 6. gr. vart skilið á annan hátt en að í frumvarpinu felist bein fjárnámsheimild vegna þjónustugjalda samkvæmt 6. gr. Með öllu er óútskýrt hver sé þörfin á því að þessi tilteknu gjöld megi innheimta með fjárnámi þegar ætla má að ýmis önnur þjónustugjöld hins opinbera njóti ekki slíkrar beinnar fjárnámsheimildar.

2. Ákvæði 7. gr.

Þvingunarúrræði Umhverfisstofnunar samkvæmt 7. gr. er lítt afmarkað. Hér er um að ræða mjög háar dagsektir en engin mörk eru á því við hvaða tímamark beri að miða upphaf þessara þvingunarúrræða. Samkvæmt ákvæðinu getur það gerst strax eftir að fyrsti frestur til skila á upplýsingum hefur runnið út. Engin áskilnaður eða kröfur eru þannig gerðar varðandi áskorun um að skila upplýsingum áður en jafn íþyngjandi og viðurhlutamiklu úrræði og dagsektum er beitt. Það getur vart verið í samræmi við meðalhófsreglur stjórnsýsluréttar.

Virðingarfyllt



Eiríkur Bogason, framkvæmdastjóri